

Fljótshálsa
Stefán Bragason
Lyngási 12
700 Egilsstaðir


INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 15. júlí 2014
Tilv.: IRR14070049/18.10.1

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Fljótshálsa nr. 799/2013, sbr. erindi yðar sent ráðuneytinu 7. júlí 2014. Samþykktin hefur verið send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfest samþykkt um breytingu á samþykkt nr. 799/2013.

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt
stjórn og fundarsköp Fljótsdalshéraðs nr. 799/2013.

1. gr.

1. mgr. 28. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi einu sinni í viku og ákveður á fyrsta fundi sínum fundardaga og fundartíma bæjarráðs fyrir kjörtímabilið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. samþykktarinnar:

a) 2. mgr. 47 gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar fastanefndir til að fara með tiltekin mál samkvæmt erindisbréfum og því sem lög mæla fyrir um. Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar:

1. Þrjú bæjarfulltrúa í bæjarráð.
2. Þrjú fulltrúa, þar af minnst einn bæjarfulltrúa og þrjú til vara í félagsmálanefnd.
3. Fimm fulltrúa, þar af minnst einn bæjarfulltrúa og fimm til vara í fræðslunefnd. Fljótsdalshreppur skipar tvo fulltrúa í fræðslunefnd og tvo til vara, með málfrelsi og tillögurétt, sem sitja skulu fundi nefndarinnar þegar fjallað er sérstaklega um málefni deildar Egilsstaðaskóla á Hallormsstað.
4. Fimm fulltrúa, þar af minnst einn bæjarfulltrúa og fimm til vara í atvinnu- og menningarnefnd.
5. Fimm fulltrúa, þar af minnst einn bæjarfulltrúa og fimm til vara í umhverfis- og framkvæmdanefnd.
6. Þrjú fulltrúa og þrjú til vara í íþrótt- og tómstundanefnd.
7. Þrjú fulltrúa og þrjú til vara í jafnréttisnefnd.
8. Þrjú fulltrúa og þrjú til vara í náttúruverndarnefnd.

b) Töluliður 1 í 3. mgr. 47. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:


Fimm fulltrúa og fimm til vara í stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf.. Af aðalfulltrúum skal minnst vera einn bæjarfulltrúi.

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 15. júlí 2014.

F. h. r.


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir